

Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um „Frumvarp til laga um Vísinda- og nýsköpunarráð“

Mál nr. 150/2022. 153. löggjafarþing 2022-2023

Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, fagnar tillögum um endurskoðun á lagaumgjörðinni frá 2003 og fyrirbyggjandi frumvarpi, sem snýr fyrst og fremst að því að styrkja langtímastefnumótun í vísinda- og nýsköpunarmálum í heild sinni.

Í umsögn Rannís um drög að fyrra frumvarpi sem lagt var fram í samráðsgátt stjórnvalda 10. mars 2021 var bent á að heppilegt hefði verið að endurskoða gagngert heildarlöggjöfina frá 2003, þ.e. lög um Vísinda- og tækniráð auk laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (Rannsóknasjóð, Markáætlun, Innviðasjóð og Rannsóknamiðstöð Íslands). Rannís hefur enn væntingar um að það verði gert sem fyrst.

Í athugasemdum Rannís við fyrra frumvarp var einnig vakin athygli á að með því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu er horfið frá grasrótarmyndum um stefnumótun í málaflokknum yfir í s.k. „top down“ aðferðarfræði með því að koma á fót ráðherranefnd, þar sem ráðuneyti og ráðherrar taka í sameiningu ákvörðun um stefnu og aðgerðir til skemmri og lengri tíma. Það er vert að ítreka að þótt slíkt fyrirkomulag sé vissulega eðlilegt, þá beri einnig að leggja áherslu á mikilvægi Vísinda- og nýsköpunarráðs sem sjálfstæðs ráðgjafarráðs fyrir ráðherranefndina. Grasrótarmæða, sem fer nú fram í Vísinda- og tækniráði, er mikils virði og því mikilvægt að tryggja að hún endurspeglar í ráðgjöf Vísinda- og nýsköpunarráðsins til ráðherranefndarinnar.

Rannís fagnar þeim ásetningi sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að áform séu um að samstarfshópur ráðuneyta sem hefur starfað undanfarin ár haldi áfram undir nýju nafni sem betur endurspeglar viðfangsefnin. Hlutverk hans er mjög þýðingarmikið í samhengi við samhæfingu og áherslur, ekki síst með tilliti til alþjóðlegs samstarfs. Rannís vill ítreka mikilvægi sinnar aðkomu að því samráði sem framkvæmdaraðili, en stofnunin sér nú um sjóði og samstarfsáætlanir fyrir sex ráðuneyti. Samtals voru opinber útgjöld vegna þessara aðgerða yfir 20 milljarðar króna á árinu 2021.

Í 4. gr. fyrirbyggjandi frumvarps kemur fram að ráðherra sem fari með málefni vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar fari með faglega umsýslu og ráðgjöf fyrir ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun, einkum við útfærslu stefnumótunar, greiningar- og upplýsingavinnu og undirbúi fundi Vísinda- og nýsköpunarráðs og ráðherranefndar, auk annarra verkefna eftir þörfum hverjum sinni. Í greinargerð með frumvarpinu er svo lögð mikil áhersla á „sjálfstæði ráðsins og að það hafi öfluga rödd í samfélaginu og styðji með umfjöllun sinni við faglega stefnumótun ráðuneyta.“ Í frumvarpinu er svo gert ráð fyrir að ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun leggi áherslur úthlutunarsjóða, þ.e. Rannsóknasjóðs, Innviðasjóðs og Markáætlunar. Það undirstrikar mikilvægi þess að stefna ráðherranefndarinnar hvíli á traustum grunni sjálfstæðrar og faglegrar ráðgjafar.

Þessum áherslum ber að fagna. Rannís er sjálfstæð undirstofnun ráðuneytis vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar sem hefur hér mikilvægu hlutverki að gegna. Skv. þeim breytingum sem er lagt í frumvarpinu myndi 5. liður 12. gr. laga 3/2003 vera svohljóðandi um hlutverk Rannís:

5. Annast gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og Vísinda- og nýsköpunarráð um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í landinu; afla upplýsinga og gagna varðandi þróun vísinda og tækni á alþjóðavettvangi.

Jafnframt er rétt að minna á 6. og 7. tölulið 12. gr. laga 3/2003 þar sem segir um hlutverk Rannís:

6. Gangast fyrir mati á árangri rannsókna, þróunar og nýsköpunar í landinu með reglulegum hætti og taka þátt í fjölþjóðlegum samanburðarathugunum á því sviði fyrir hönd Íslands þegar þess er óskað.

7. Annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu fyrir almenning.

Rannís tekur undir þá ríku áherslu sem fram kemur í fyrirbyggjandi frumvarpi og greinargerð að mikilvægt sé að auka bolmagn til greiningarvinnu og áhrifamats, auk þess að styðja við þjóðfélagslega umræðu um málaflokkinn. Það væri fyllilega í anda laga 3/2003 að sú vinna færi fram innan Rannís að miklu eða öllu leyti.

Rannís vill því ítreka að stofnunin er tilbúin til að að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun; veita Vísinda- og nýsköpunarráði þjónustu eins og verið hefur undanfarin ár gagnvart Vísinda- og tækniráði og nefndum þess; og framkvæma eða styðja við framkvæmd greininga og áhrifamats. Slíkt fyrirkomulag myndi tryggja sjálfstæði ráðherranefndar og Vísinda- og nýsköpunarráðs og ríma fyllilega við lög 3/2003. Rannís hefur þegar mikla yfirsýn yfir þróun og stöðu þeirra málaflokka sem hér um ræðir, bæði innanlands og erlendis, og sinnir sínu greiningar-, kynningar- og upplýsingahlutverki eins og aðstæður leyfa á hverjum tíma. Eru Gagnatorg Rannís¹ og skýrsla um þátttöku Íslands í áætlunum ESB 2014-2020² bara tvö nýleg dæmi þess, auk ótal viðburða af ýmsu tagi sem Rannís stendur fyrir á hverju ári.³

Þá kemur fram í greinargerðinni að margir hafi bent á hlutverk vísinda og nýsköpunar við að takast á við brýnar samfélagslegar áskoranir nútíðar og framtíðar. Rannís hefur ítrekað vakið máls á mikilvægi þess að takast á við slíkar samfélagslegar áskoranir, ekki síst í alþjóðlegu samstarfi. Í greinargerðinni er vakið máls á að ráðherranefndin kunni að takast á við þennan vanda með auknu fjármagni í markáætlanir. Rannís telur þá leið mun heppilegri til forgangsroðunar opinberra fjármuna en að settir séu upp fleiri sértæka sjóðir um einstakar áskoranir.

Eins og bent var á í fyrri umsögn er ekkert í lögum 3/2003 um fagráð Markáætlunar. Best færi á að lögin væru skýr um að stjórn Markáætlunar tilnefni meðlimi í sín fagráð, sem væri í takt við það vinnulag sem lagt er til fyrir Rannsóknasjóð og Tæknipróunarsjóð í fyrirbyggjandi frumvarpi. Einnig gæti það mögulega leitt til markvissari forgangsroðunar að breyta skipan stjórnar Markáætlunar þannig að hún verði sjálfstætt skipuð, frekar en samsett úr þremur meðlimum Rannsóknasjóðs og þremur meðlimum Tæknipróunarsjóðs eins og nú er. Að lokum vill Rannís benda ítreka að Markáætlun gæti verið ákjósanlegur farvegur fyrir þátttöku í alþjóðlega samfjármögnuðum áætlunum um samfélagslegar áskoranir, sem fyrirséð er að muni aukast mjög á næstu árum.

Ágúst Hjörtur Ingþórsson

Forstöðumaður Rannís

¹ <https://sjodir.rannis.is/gagnatorg/home.php>

² https://issuu.com/rannis6/docs/sky_rsla__a_tttaka_i_slands_2014-2020

³ <https://www.rannis.is/vidburdir/>